



Kópavogsbær

Vinnustund

Bæjarráð 20.júlí 2023

Sigríður Þrúður Stefánsdóttir
Mannauðsstjóri
Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildarstjóri grunnskóladeildar

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Undirbúningur og samráð

- Í málefnasamningi nýs meirihluta bæjarstjórnar Kópavogsbæjar var fjallað um að Vinnustund yrði skoðuð með tilliti til að breyta innstimplun hjá kennurum.
- Mál tekið upp í menntaráði 15.nóvember 2022 og lögð fram bókun

"Nauðsynlegt er að vera stöðugt að leita leiða til að einfalda og straumlínulaga verkferla. Núverandi fyrirkomulag tímaskráningakerfisins Vinnustundar er ansi þungt og vinnufrekt.

Menntaráð felur menntasviði að vinna að einföldun á tímaskráningum starfsmanna í skólum Kópavogs með það að markmiði að einfalda og straumlínulaga ferli skráningar án þess þó að missa skráningu á yfirvinnu og veikindum.

Lagt er upp með að nýtt ferli verð kynnt fyrir menntaráði fyrir sumarfrí 2023 og unnt verði að hefja vinnu eftir því á skólaárinu 2023-2024"

- Samráðsfundur með skólastjórum 24.janúar 2023 til að fá stöðumat og helstu þarfir hvað varðar breytingar – skólastjórar mjög hlyntir breytingum á fyrirkomulagi.
- Sviðsstjóri menntasviðs óskar í framhaldi eftir að mannauðsstjóri leiði verkefnið
- Skipaður vinnuhópur með deildarstjóra grunn-skóladeildar, rekstrarstjóra grunnskóladeildar, skólastjórar Alfhólsskóla, Salaskóla og Lindaskóla og mannauðsstjóra
- Tillögur ræddar og skoðaðar í nokkrar vikur
- Tillögur kynntar í menntaráði 21.mars 2023

- Tillögur unnar áfram í samráðshópi og með fulltrúum skólastjóra
- Formaður menntaráðs fær upplýsingar um vinnu samráðshóps og frekari gögn einnig send formanni í tölvupósti
- Tillögur kynntar á fundi skólastjóra 14.júní 2023 og skólastjórar töldu að halda ætti áfram undirbúningi.
- Samráðs- og undirbúningsfundir með fulltrúum frá Garðabæ, Akureyri, Advania, sviðsstjóra fjármálasviðs, deildarstjóra launadeildar Kópavogs og verkefnastjóra í launadeild í maí og júní.
- Fundur með stjórn Kennarafélagi Mosfellsbæjar, Seltjarnarnes og Kópavogs (KMSK).
- Tillaga lögð fyrir bæjarráð 20.júlí 2023.



Niðurstaða og tillögur að breytingum

- Kópavogsbær var kunnugt um nokkur sveitarfélög sem breyttu fyrirkomulagi innstimplunar í Vinnustund hjá kennurum vorið 2022.
- Garðabær, Akureyri og Ísafjarðarbær fóru í sameiginlegt verkefni þar sem grunnvinnutíma var breytt þannig að hann væri jafn yfir árið.
 - Skrá veikindi, orlof, endurmenntun og allt vinnuframlag
 - Vildu ekki leggja af innstimplun fyrir einn starfahóp en frekar ná betri skráningu og yfirsýn yfir vinnuskil hjá kennurum í dag.
- Reykjanesbær lagði af innstimplun í Vinnustund
 - Forskrá allan vinnutíma nema endurmenntun sem skólastjórar skrá inn
 - Skrá veikindi, orlof og aðrar fjarvistir.
- Mikil ánægja er hjá öllum þessum sveitarfélögum af breytingum.



Tillaga fyrir Kópavogsbæ

- Samráðshópur í samráði við skólastjóra leggur til að fylgja fordæmi Garðabæjar, Akureyrar og Ísafjarðarbæjar sem tilraunaverkefni til eins skólaárs.
- Markmiðið er að ná betur utan um vinnutíma kennara, einfalda innstimplun, einfalda samþykkt vinnutíma af hálfu skólastjóra og að kennarar fái betri yfirsýn yfir sinn vinnutíma.
- Næstu skref:
 - Nýtt vinnufyrirkomulag í Vinnustund verði sett upp af hálfu Advania og Kópavogsbæjar eftir 20.júlí og taki gildi 15.ágúst n.k.
 - Samhliða verður unnið að því að opna á innstimplun í síma – SMÁSTUND – og það innleitt í ágúst.
 - Kynningafundir með trúnaðarmönnum kennara og skólastjórum verða haldnir í byrjun ágúst.
 - Kynning fyrir kennara haldinn í skólabyrjun 15.ágúst.



Nýtt vinnufyrirkomulag: - hvernig haldið er utan um vinnutíma

- Öll vinna kennara er skráð eins og hún er unnin. Vinnustund er stillt með vinnuskyldu upp á 8 stundir á dag með styttingu um 13 mínútur alla daga ársins
- Nýtt vinnufyrirkomulag kennara í Vinnustund – „starfshlutfall stýrir“ er sett á alla kennara
- Vinnuskýrsla (ekki í Vinnustund) skilgreinir viðveru hvers kennara á starfstíma skóla.



Lagt er upp með sveigjanlegan vinnutíma

- Mjög mikilvægt er að kennarar skrái og haldi vel utan um vinnutíma og þá einnig ef unnið er heima.
 - Mikilvægt er að kennarar stimpli sig inn
- Markmið er að allur vinnutími sé skráður.
- Til að auðvelda innstimplun og skráningu vinnutíma verður SMÁSTUND app Advania innleitt.
- Innleiðing SMÁSTUNDAR mun jafnframt eiga við allt starfsfólk Kópavogsbæjar.



Einföldun á skráningu

- Vinnutími er jafn yfir árið (7,78 tími á dag)
- Stytting vinnutíma er sjálfkrafa skráð inn
- Kennari skráir inn endurmenntun en hún er forskráð með tilliti til álags eftir því hvenær hún er tekin.
- Jólafrí og páskafrí er forskráð og því engin innstimplun
- Vetrarfrí skráð sem orlof
- Sumarorlof er forskráð



Frá samráðsfundi með skólastjórum, 24. janúar sem tillagan kemur til móts við

- Einföldun í Vinnustund og betra aðgengi að upplýsingum um vinnuskil.
- Þak á mánaðarlegum vinnuskilum verður afnumin (holufylling).
- Núllstilling á vinnuskilum verður 1. ágúst hvert ár.
- Ekki þarf að skrá vinnutímastyttingu inn heldur felld inn í kerfið.
- Miðlægt sett inn jóla-, páska- og vetrarleyfi



Frá samráðsfundi með skólastjórum, 24. janúar sem tillagan kemur til móts við

- Kerfið er sveigjanlegt t.d ef kennarar kenna mismikið eftir tímabilum.
- Með þessu móti eru kennarar færðir nær öðrum starfahópum hvað varðar skráningu á vinnutíma.
- Inn- og útskráning hvar sem er
 - Heimilað verður að skrá sig inn í gegnum app í farsíma auk þeirra innskráningarmöguleika sem nú eru fyrir hendi.



Tillagan kemur til móts við bókun menntaráðs

"Nauðsynlegt er að vera stöðugt að leita leiða til að einfalda og straumlínulaga verkferla. Núverandi fyrirkomulag tímaskráningakerfisins Vinnustundar er ansi þungt og vinnufrekt.

Menntaráð felur menntasviði að vinna að einföldun á tímaskráningum starfsmanna í skólum Kópavogs með það að markmiði að einfalda og straumlínulaga ferli skráningar án þess þó að missa skráningu á yfirvinnu og veikindum.

Lagt er upp með að nýtt ferli verð kynnt fyrir menntaráði fyrir sumarfrí 2023 og unnt verði að hefja vinnu eftir því á skólaárinu 2023-2024"



Næstu skref – að loknu samþykki bæjarráðs

- Breyting á starfafyrirkomulag kennara í Vinnustund forritað af Advania.
- Breytingar í Vinnustund framkvæmd af launadeild Kópavogsbæjar.
- Undirbúningsfundir með trúnaðarmönnum og skólastjórum í byrjun ágúst.
- Kynningarfundir með kennurum í ágúst.
- Frekar leiðbeiningar og fræðsla undirbúin af samráðshópi fyrir kynningarfundi í ágúst.

